

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Grenjar 2 og Grenjabakki, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Byggðarráð í umboði sveitarstjórnar Rangárþings ytra samþykkti 26. mars 2025 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Grenjar 2 og Grenjabakka, þar sem aðkomuvegur að Grenjabakka er skilgreindur að nýju.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Stóru-Skógar, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Byggðarráð í umboði sveitarstjórnar Rangárþings ytra samþykkti 26. mars 2025 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Stóru-Skóga, þar sem núverandi aðkoma að neðra efnistökusvæði verði felld út. Verið er að ganga frá námunni og verður aðkoman að lóðinni færð á aðkomuvegin að Sólstað.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 15. maí 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 2. júní 2025